

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 27.02. 2026

Fundur skólaráðs haldinn á fundarherbergi skólans frá kl. 08:15-09:30.

Mættir: Lars Jóhann Imsland (fjarverandi), Aðalbjörg Sigurðardóttir, Margrét Lára Guðmundsdóttir, Arnbjörg Mist Ásgeirsdóttir, Ísafold Breiðfjörð Sigurvinsdóttir (fjarverandi), Hafðís Sigurðardóttir, Jenný Ósk Óskarsdóttir, Kristín Garðarsdóttir, Svanhildur Ýr Sigþórsdóttir og Sigríður Harpa Hannesdóttir.

Dagskrá:

1. Vilborg Sveinsdóttir UT ráðgjafi kynnir Jamf (kennara og foreldrahlutann) og fleira sem tengist UT málum.

Vilborg fór yfir tækjastöðuna og kynnti hvernig foreldrar geta stýrt nemendatækjum heima. Farið var yfir breytingar á aðalnámskrá sem tengjast stafrænum borgaravitund og notkun gervigreindar. Lögð er áhersla á fræðslu um nethegðun, helstu áhættuþætti og gagnrýna, ábyrga netnotkun.

2. Fulltrúar úr nemendaráði segja frá starfi sínu (Steinunn).

Steinunn sagði frá starfi nemendaráðs og hvað væri framundan hjá þeim. Fram kom að það eru mörg verkefni í mars og nemendaráð er að gera virkilega góða hluti.

3. Matsferill

Stutt kynning á stöðu- og framvinduprófum í lesskilningi og stærðfræði.

4. Afmælishátíð 27. mars

Farið yfir dagskrána og hún rædd. Ákveðið var að sýna atriði úr söngleiknum á sal. Fram kom einnig hugmynd um að hafa kynnir (nemenda) til að stýra dagskránni og skapa betra flæði á milli atriða.

5. Foreldrasamstarf

Aðalfundur foreldrafélagsins verður haldinn um miðjan maí og fundur með öllum bekkjartenglum í apríl. Mikil ánægja hefur verið með þá ákvörðun að færa vorhátíðina yfir á haustin og verður það fyrirkomulag áfram.

Fundargerð ritaði Aðalbjörg Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri